

Fundargerð 83. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 30. apríl 2014 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Jón Jóhannsson, Sævar Örn Kristjánsson, Gylfi Ingvarsson, Gunnar S. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Guðmundur Sigurvinsson

Fjarverandi:, Guðmundur Helgi Þórarinsson

Formaður setti fundinn og óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna, en þetta er fyrsti fundur núverandi stjórnar.

Dagskrá :

1. **Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 82.** Fundargerð samþykkt og undirrituð

Yfirferð yfir verkefni VM (var ekki á dagskrá fundar.)

Einst og staðan er núna er ekki grundvöllur fyrir samstarfi í næstu kjarasamningum. SA hefur ekki breytt sínum vinnubrögðum og þar með ekki ný nálgun né ný vinnubrögð. Ítrekað hefur verið reynt pantað tíma hjá SA til að fá fundi fyrir almenna samninginn og orkufyrirtækin en engin svör fengið.

Fundur var með hagsmunaaðilum vegna verkefnisins sem var unnið fyrir okkur um menntamál og niðurstaðan var mjög sláandi þ.e. varðandi stöðu mennta og vottunarmála. Því miður var léleg mæting á fundinn.

1. maí er á morgun og eins og alltaf er kröfuganga og kaffi á eftir. Stjórnarmenn voru hvatti til að mæta.

2. **Kosning varaformanns.** Samúel Ingvason var kjörinn.
3. **Kosning fulltrúa stjórnar VM í stjórn Sjúkrasjóðs VM.** Gunnar S. Gunnarsson var síðast fulltrúi stjórnar í stjórn Sjúkrasjóðs. Hann gaf kost á sér áfram og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
4. **Aðalfundur VM 4. apríl s.l.** Fundurinn gekk bara vel og var svipuð mæting og á síðustu fundi. Aldursdreifing fundarins var rædd. Rúm 60% þeirra sem mættu voru 60 ára og eldri. Menn voru á því að vinna verður markvisst í því að fá yngri menn til að starfa fyrir félagið.
5. **Nefndir VM.** Skipað var í laus sæti í nefndum félagsins. Ákveðið var að setja á heimasíðuna að það vanti menn í fagnefnd sjómanna og lífeyrisnefnd. Gerð var athugasemd við að lögfræðingur félagsins sé formaður laganefndar, hann ætti frekar að vera ráðgefandi.

6. **Ósk félags íslenskra gullsmiða um inngöngu í VM.** Bréf kom frá félagi gullsmiða þar sem þeir óska eftir að skoðað verði með inngöngu þeirra í félagið, í félaginu eru um 90 félagsmenn. Samþykkt var að ræða við þá.
7. **Inntökubeiðni í VM.** Inntökubeiðni barst frá skrifstofustjóranum hjá vélsmiðju. Inntökubeiðnin var samþykkt.
8. **Nýr starfsmaður orlofshúsa.** Nýr umsjónarmaður orlofshúsa verið ráðinnið ráinn. Hún kom á fundinn og kynnti sig fyrir stjórnarmönnum.
9. **Ósk um styrk.** Bréf barst frá félagsmanni þar sem hann óskar eftir styrk vegna dvalar á Heilsuhælinu í Hveragerði. Beiðninni var hafnað.
10. **Lagt fram til upplýsinga.** Bréf frá Kiwanisklúbbnum Heklu þar sem þeir þakka aðstoð við fjáröflun flugeldasýningar fyrir Hrafnistuheimilin.

Önnur mál:

- Velja þarf nýjan varamann í stjórn Sameinaða Lífeyrissjóðsins. Tillaga kom um að fulltrúarnir á fundinum myndu bara velja þann sem tekur það sæti, þetta var samþykkt. Gera mönnum ljóst hvað fælist í því að vera varamaður, þetta væri ekki bara að vera nafn á blaði.
 - Hugmynd kom um að kaupa nýja tegund af pennum þ.e. pennar sem merktir eru félaginu. Sniðug væri að kaupa penna sem er líka fyrir snertiskjái.
 - Ábending kom um að í lögum félagsins, 6. grein standi „ hann fær félagsskírteini....“ Félagsskírteini hafa ekki verið gefin út síðan 2008 og spurning hvort þurfi þá ekki að gera það eða breyta lögunumMálið verðuð skoðað.
 - Guðmundur Sigurvins spurði hvort það gætu allir komið á tjaldstæðið á Laugarvatni. Svo er ekki en félagsmenn geta boðið með sér, en utanfélagsmenn greiða hærra gjald.
-
- Fundi slitið kl. 13:25